

STARFSLEYFI

JB Viðgerðir ehf.

Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði.

Smiðjustígur 2, fastanr. F2203468

845 Flúðir

kt. 480620 0460

Nafn og kt. rekstraraðila: **JB Viðgerðir ehf., kt. 480620 0460**

Heimilisfang: **Smiðjustígur 2, 845 Flúðir**

Útgáfudagur: 19. ágúst 2020

Gildir til: 19. ágúst 2032

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:

Fyrir bifreiðaverkstæði

dags. 19. ágúst 2020

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skýlt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 19. ágúst 2020



Sigrún Guðmundsdóttir

framkvæmdastjóri

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

bifreiðaverkstæði að Smiðjustíg 2, 845 Flúðir

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|---------------------|----------|
| 1.1 | Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur almennra bifreiðaverkstæða, verkstæði fyrir þungavinnutæki, aðstöðu verktaka með þungavinnuvélar og annan skyldan rekstur. | 550/2018 5. gr. | |
| 1.2 | Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja. | 550/2018 6. gr. | |
| 1.3 | Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði. | 550/2018 5. gr. | |
| 1.4 | Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. | 550/2018 13. gr. | |

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|-------------------------------------|----------|
| 2.1 | Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. | 112/2012 og rgl. nr. 550/2018 | |
| 2.2 | Óheimilt er að geyma lausamuni s.s. bílhæ, bílhuti og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannaþæri eða valdi slysaþættu. | 737/2003 | |
| 2.3 | Gámum og öðrum ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum. | 737/2003 17. gr. | |
| 2.4 | Bifreiðum, sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. | 737/2003 16. og 18. gr. | |

3. MENGUNARVARNIR

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|---|--------------------|----------|
| 3.1 | Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu. | 798/1999 5. gr. | |
| 3.2 | Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa. | 798/1999 5. gr. | |
| 3.3 | Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljum. | 550/2018 | |
| 3.4 | Hafa skal reglubundið eftirlit með olíuskilju og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar. | 798/1999 5. gr. | |
| 3.5 | Þar sem hætta er á að fljótandi úrgangur, olíur eða olíuefni, fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar s.s. blautsugu, tvist eða sag. | 798/1999 5. gr. | |
| 3.6 | Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju. | 798/1999 5. gr. | |

4. GEYMSLA Á OLÍU OG OLÍUEFNUM

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|---|----------|
| 4.1 | Olíugeymar og olíulagnir þurfa samþykki byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits og skulu uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. | 884/2017 | |
| 4.2 | Olíugeymir með afgreiðsludælu skal staðsettur á steypu plani með árekstursvörn og skulu niðurföll tengd olíuskilju. | 884/2017 | |
| 4.3 | Staðsetja skal geyma og tunnur undir olíuefni þ.m.t. úrgangsolíu í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. | 550/2018 og rgl. nr. 884/2017 | |
| 4.4 | Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt þar sem ekki stafar mengunarhætta af og í upprunalegaum umbúðum. Eiturefni s.s. flúrsýru skal geyma í læstum skáp. Skápurinn skal vera loftræstur og að við hillur skulu vera lekabyttur. | 415/2014 og lög nr. 61/2013 | |
| 4.5 | Öryggisblöð fyrir merkingaskyld efni skulu vera á staðnum. | 888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013 | |

5. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

| | | Rgl.nr. | Uppfyllt |
|-----|--|--|----------|
| 5.1 | Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Þurrum, pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi. | 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 | |
| 5.2 | Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila. | 884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr. | |
| 5.3 | Ganga skal þannig frá olíusmituðum úrgangi þar til að hann er fluttur til förgunar að ekki sé hætt á mengun. | 884/2017 og rgl. nr. 1040/2016 3. gr. | |
| 5.4 | Rafgeymar teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. | 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 | |
| 5.5 | Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma. | 1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 | |
| 5.6 | Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma. | 737/2003 og rgl. nr. 806/1999 | |

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

Selfossi, 17. ágúst 2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Ragnhildur Sævarsdóttir

Ragnhildur Sævarsdóttir,

heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

JB Viðgerðir

kt. 480620 0460

**Smiðjustíg 2,
845 Flúðir**

vegna Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæðis í starfstöð fyrirtækisins að
Smiðjustíg 2 á Flúðum í Hrunamannahreppi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 23. júní sl. umsókn Jaroslaw Jacek Lacek kt. 160877 2439, f.h. JB Viðgerða ehf., kt. 480620 0460, um starfsleyfi fyrir Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði að Smiðjustíg 2, Flúðum í Hrunamannahreppi.

Um er að ræða nýtt starfsleyfi fyrir og var móttaka umsóknar auglýst þann 20. júlí sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 24. júní sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Grímsnes- og Grafnínshrepps, Bláskógabyggðar, Skeiða- og Gnjúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Flóahrepps og



Ásahrepps. Þann 17. júlí sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Bifreiða- og vélaverkstæði, dekkjaverkstæði á vegum JB Viðgerða á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 20. júlí sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 17. ágúst sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 206. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 18. ágúst sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn JB Viðgerða ehf. tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 19. ágúst 2020

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,



Ragnhildur Sævarsd.

Ragnhildur Sævarsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

